

Vilja loka gönguleið í Reykjadal



Gönguleiðin um Reykjadal er sannkölluð náttúrurparadis. Ljósmynd: Umhverfisstofnun.

Bæjaryfirvöld í Hveragerði hafa óskað eftir að hinni vinsælu gönguleið í Reykjadal verði lokað þar til annað verði ákveðið vegna mikillar rigningar og aurburðar á svæðinu. Í þágu almannaöryggis og umhverfisverndar hefur Hveragerði haft samband við umhverfisyfirvöld og lögregluembættið á Suðurlandi til að óska eftir tímabundinni lokun slóðarinnar. Reykjadalur er vinsæll áfangastaður bæði

heimamanna og ferðamanna sem koma til að njóta náttúrulegra hvera og stórbrotins landslags. Hins vegar hefur mikil úrkoma á svæðinu síðustu daga valdið aurflæði, sem gerir gönguleiðina hættulega göngufólki. Lokun stígsins er nauðsynleg til að koma í veg fyrir slys og tryggja öryggi allra gesta. Hveragerði vinnur náið með umhverfisyfirvöldum og lögreglu á Suðurlandi ásamt Hjálpasveit skáta í Hveragerði

áð því að fylgjast vel með gangi mála og leggja mat á hvenær óhætt verði að opna slóðina á ný verði gönguleiðinni lokað. Samkvæmt fréttatilkynningu sem Geir Sveinsson, bæjarstjóri í Hveragerðisbæ sendi frá sér í vikunni vilja bæjaryfirvöld í Hveragerðisbæ biðjast velvirðingar á þeim óþægindum sem væntanleg lokun kann að valda og biðja um samvinnu við að virða lokunina.

Næsta útgáfa Dagskrárinnar

Í næstu viku færast útgáfudagur Dagskrárinnar fram um einn dag vegna sumardagsins fyrsta og kemur blaðið því út miðvikudaginn 19. apríl. Skil á efni og auglýsingum eru fyrir hádegi, mánudaginn 17. apríl. Við minnum fólk á að bóka auglýsingar tímanlega.



Samningur við flugbjörgunarsveitina á Hellu endurnýjaður



Rangárþing ytra og Flugbjörgunarsveitin á Hellu endurnýjuðu fyrr í vetur samstarfssamning til fjögurra ára vegna starfsemi sveitarinnar sem tryggir að starfsemi hennar verði áfram jafn öflug og verið hefur. Með samningnum er Flugbjörgunarsveitinni tryggðir fjármunir til starfseminnar sem nema 10.000.000 kr á tímabilinu.

Samningurinn felur í sér styrk til æskulýðs- og tómstundastarfs en Flugbjörgunarsveitin hefur haldið úti öflugum æskulýðs- og tómstundastarfi með ungliðadeildinni sem snýr að því að byggja upp og þjálfa unga björgunarsveitamenn,

með reglubundnum æfingum og ferðum, til að vinna í hóp, leysa verkefni á við fyrstu hjálp, rötun, fjallamennsku og aðgerðarstjórn

Flugbjörgunarsveitin á Hellu heldur utan um, þjálfa og byggir upp, öflugt net sjálfbodaliða í björgunarsveitum sem geta tekist á við hin ýmsu verkefni sem upp koma á svæðinu, hvort sem það er vegna veðurs, náttúruvárs eða aðstoðar við ferðamenn. Flugbjörgunarsveitin mun taka að sér ýmis verkefni tengdum viðburðum á vegum sveitarfélagsins. Þá eru kaup á björgunarbúnaði sem og viðhald húsnæðis styrkt.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Aðalsafnaðarfundur Þorlaks- og Hjallasóknar á árinu 2023 verður haldinn í Þorlákskirkju mánudaginn 24. apríl n.k. og hefst hann kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:

1. Setning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla sóknarnefndarformanns um liðið starfsár
4. Lagðir fram til afgreiðslu ársreikningar sóknar og kirkjugarða fyrir sl. ár ásamt fjárhagsáætlun þessa árs
5. Greint frá starfssemi héraðsnefndar og héraðsfundar
6. Önnur mál

Sóknarnefnd Þorlaks- og Hjallasóknar



Hafnarverk ehf. Þorlákshöfn

Lóðaframkvæmdir, bílastæða og gatna-hreinsun, hellulagnir, lóðahönnun og ráðgjöf, bílaplön, göngustígar og öll önnur jarðvinna. Erum ágætlega tækjum búnir getum útvegað allt efni og fjarlæggt jarðveg. Einnig vélaleiga Smágrafa 1.9 tonn og örgrafa 0.8 tonn hentar vel í léttan jarðveg skemmir lítið út frá sér. Hafið samband í síma 8968761 hafnarverk@gmail.com



Menntskælingar vikunnar

Elva Rún, Erla Rut og Ólöf Rán Pétursdætur

Í tilefni af 70 ára afmæli Menntaskólans að Laugarvatni, þann 12. apríl sl., höfum við, í aðdraganda afmælisins, birt vikuleg viðtöl við gamla nemendur Menntaskólans að Laugarvatni um þeirra upplifun af Menntaskólanum. Síðustu viðmælendurnir í þessum skemmtilega dagskrárlið eru þrjár systur frá Hveragerði sem allar gengu í ML en Ólöf, sú yngsta er núverandi nemandi við skólann.

Hvaða ár varst þú í ML?

Elva: Ég byrjaði í ML haustið 2013 og útskrifaðist vorið 2017

Erla: Ég byrjaði í ML 2019 og útskrifaðist 2022.

Ólöf: Ég byrjaði í ML haustið 2020 og mun útskrifast núna í vor 2023.

Hvaða sérstöðu telur þú að ML hafi samanborið við aðra menntaskóla á Íslandi?

Elva: Þetta er heimavistaraskóli sem gerir það að verkum að nemendur kynnst ofboðslega vel og mynda náð samband í gegnum skólagönguna

Erla: Heimavistin og bekkjar-kerfið

Ólöf: Það sem er sérstakt við skólann eru hefðirnar og tengslin sem nemendur ná að mynda við hvort annað og skólann.

Af hverju fórst þú í ML?

Elva: Mig langaði að prófa eitthvað alveg nýtt. Ég hafði alltaf verið í Hveragerði og mig langaði að prófa að fara aðeins að heiman. Einnig var besta vinkona mín ári á undan mér í skólanum og ég var búin að heyra góðar sögur frá henni sem kveiktu áhuga minn.

Erla: Elva systir mín sagði mér svo góða hluti um skólann og skemmtilegar sögur af félagslífinu. Ég tók líka eftir svo mikilli breytingu í henni eftir að hún byrjaði í skólanum, hún þroskaðist svo við það að vera þarna. Einnig vildu mamma og pabbi varla taka neitt annað í mál.

Ólöf: Ég fór í skólann vegna þess að vistin heillaði mig. Lífið innan veggja skólans virtist skemmtilegt og systur mínar töluðu svo fallega um hann.

Áttu þér uppáhalds minningu úr skólanum?

Elva: Þær eru svo ótrúlega margar, en böllin og fíflaskapurinn standa upp úr.

Erla: Á endalaust af góðum minningum úr skólanum en böllin, allir tónleikarnir með kórnum og bara að slæpast inní herbergi með vinunum stendur upp úr.

Ólöf: Þær eru endalausar en það sem stendur mest upp úr er þegar Covid reglurnar voru loksins að léttu og við fengum að halda okkar fyrsta ball.

Hvernig upplifun var að fara að heiman og flytja inn á heimavist?

Elva: Mér fannst það ótrúlega erfitt til að byrja með. Ég er mjög heimakær þannig þetta var mikil breyting. En svo þegar maður kynntist krökkunum betur þá varð þetta léttara og þegar fór að líða á fyrstu önnina fannst mér þetta æðislegt. Það er ótrúlega gaman að búa með öllum vinum sínum þó það geti verið krefjandi á köflum.

Erla: Fyrstu 2 vikurnar voru erfiðar, að finna nýja rútínu og vini, en svo var ég ótrúlega fljót að venjast því að búa á vistinni. Fann mitt fólk og fannst rosalega gott að búa með þeim.

Ólöf: Ég hafði smá reynslu af því áður en ég fór í skólann og átti því ekkert erfitt með það í byrjun. Hinsvegar var það upplifun að fá að búa í húsi með bara jafnöldrum.

Ertu ennþá í sambandi við skólafélagana?

Elva: Já nokkrir af mínum bestu vinum í dag eru þeir sem ég kynntist á Laugarvatni.

Erla: Já, við vinahópurinn erum ennþá mjög góðir vinir og hittumst reglulega.

Ólöf: Þar sem ég er ennþá nemandi í skólanum þá hef ég auðvitað samaband við samnemendur mína og er full viss um að það haldist eftir útskrift.

Hvers saknarðu mest við að vera í ML?/ Hvers áttu eftir að sakna mest eftir ML?

Elva: Ég sakna þess mest að vera í þessu rólega og áhyggjulausa umhverfi. Það var svo gott að klára skóladaginn, fara upp á vist í herbergi vinanna, liggja þar og spjalla og hlæja fram á rauða nótt.

Erla: Að hafa ekki alla eins nálægt mér, mér fannst svo gott að geta labbað í herbergið á móti og verið þá með öllum vinkonum mínum að spjalla.

Ólöf: Ég mun sakna þess mest að búa ekki með mínum bestu vinum og félagslífið sem skólinn býður upp á.

Hvernig telur þú að menntaskólagangan hafi mótað þig sem einstakling?

Elva: Ég held að það hafi gefið mér mikinn þroska og aukið umburðarlyndi.

Erla: Ég tel hann hafi gert mig umburðalyndari og skilningsríkari gagnvart öðru fólki.

Ólöf: Ég hef þroskast heil mikið og það krafðist mikils sjálfs-traust. Einnig þarf mikla þolinmæði þegar maður býr á heimavist sem mun henta vel þegar ég útskrifast.

Hvað tók við eftir ML / Hvað tekur við eftir ML?

Elva: Haustið eftir útskrift fór ég í Hússtjórnarskólann í Reykjavík og skellti mér bara

beint aftur í heimavist (fékk greinilega ekki nóg eftir fjögur ár á Laugarvatni). Síðan ferðaðist ég aðeins um Mið og Suður-Ameríku, fór í söngskóla til Danmerkur og fór síðan í Íslensku í HÍ haustið 2019. Ég útskrifaðist þaðan vorið 2022 og um haustið byrjaði ég að kenna í Grunnskólanum í Hveragerði sem mér líkar mjög vel.

Erla: Ég ákvað að fara í lýðháskóla í Noregi að læra myndlist og er þar ennþá núna, fór úr einni heimavist í aðra.

Ólöf: Eftir útskrift langar mig að fara í lýðháskóla og ferðast um heiminn. Ég hef ekki ákveðið mig enn á háskólanámi en það kemur með kalda vatninu.


Myndir þú mæla með því við sunnlensk ungmenni að fara í ML?

Elva: Hundrað prósent! Þetta er æðisleg upplifun og ótrúlega gaman.

Erla: Allan daginn! Svo skemmtilegt lífið á heimavistinni.

Ólöf: Klárlega! Þetta er ómetanleg lífsreynsla og fjörið er stanslaust

Við hjá Dagskránni viljum þakka öllum viðmælendum kærlega fyrir skemmtileg og áhuga-verð svör og óskum ML um leið innilega til hamingju með 70 ára afmælið.



Elva



Erla



Ólöf

Að búa í góðu samfélagi og taka þátt

Það er gefandi og uppbyggjandi að taka þátt í starfi frjálsra félagasamtaka. Þar lærir maður að taka þátt í fjölbreyttu sjálfbóðaliðastarfi, hvort heldur er við einstaka viðburði, skipulagningu og framkvæmd, fjáraflanir, ýmiskonar skipulag verkefna, stjórnarstörf og stefnumótun. Þú velur það verkefni sem þér hentar og þann tíma sem þér hentar. Umfram allt þá ertu þátttakandi í gefandi starfi sjálfbóðaliðans.

Félögin eru mismunandi að stærð og verkefnin mismunandi. Það geta verið íþróttafélög, kvenfélög, ungmennafélög, líknarfélög, stéttarfélög og pólitísk félög, svo fátt eitt sé nefnt. Starfsemi margra þessara félaga byggist að langmestu leiti á sjálfbóðaliða starfi og ef þess nýtur ekki við er starfsemin í hættu og getur lognast útaf. Í þessu starfi þá kynnist maður fjölda fólks, lærir að virða skoðanir annarra, stjórna fundum, koma fram og valdeflast. En vá er fyrir dyrum.

Hvar er sjálfbóðaliðinn?

Á undanförunum árum, og nú sérstaklega eftir Covid tímabilið, virðist vera æ erfiðara að fá fólk til að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi, koma og taka

þátt í gefandi starfi, aðstoða við ýmsan undirbúning og vera virkt í félagsmálum. Hvað hefur breyst og hvers vegna erum við á þessari braut? Hér áður fyrr var ungu fólki markvisst kennt ýmislegt sem tengist sjálfbóðaliðastarfi. Því var kennd ræðumennska, fundarsköp, að vera í stjórnnum og ýmislegt annað sem nýttist því vel og það gaf sig í þetta starf og var virkt í félagsstarfi. Nú er eins og við séum að stefna í kynslóðaskipti þar sem ungt fólk, ekki bara unglingar, heldur allt að þrítugu, bara viti ekki mikilvægi þessa starfs og nauðsyn þess að taka þátt í því, á einn eða annan hátt. Við sjáum þetta hjá íþróttafélögum, þar sem illa gengur að manna stjórnir þeirra, erfitt er að fá foreldra eða aðra til að aðstoða við framkvæmd móta eða skipuleggja annað starf, barna og unglinga.

Viljum við þetta?

Það er ljóst hvað íþróttahreyfinguna varðar, að ef þessi þróun heldur áfram, og erfiðara og erfiðara, verður að fá fólk til aðstoðar, hvort heldur eru foreldrar og forráðamenn barna og unglinga, eða aðra, að þá stefnum við í mikil vandræði. Mót og viðburðir sem haldnir eru af íþróttafélögum, eru að

öllu jafna í leiðinni, stórar fjáraflanir fyrir þau og skiptir þá miklu máli að fá sem flesta sjálfbóðaliða til aðstoðar, í bæði stór og smá störf. Um leið og þessum fjármunum er safnað er verið að styrkja starf félaganna, rekstrarlega séð, og þá í mörgum tilvikum til þess að geta haldið æfingagjöldum foreldra eins lágu og mögulegt er. Þannig að um leið verði sem flestum, börnum og unglingum, mögulegt að stunda þær íþróttir sem þau hafa áhuga á. Einnig hefur þetta áhrif á afreksstarf félaganna og þá möguleika barna og unglinga að eflast í íþrótt sinni, upp í gegnum alla yngri flokka og eiga möguleika á að keppa í meistaraflokkum félaganna.

Stoppum þessa þróun og ég biðla til fólks að gefa því gaum að gefa af sér og taka þátt í þessum störfum, starfi sjálfbóðaliðans, þegar kallið kemur og gefa þannig af sér og um leið styrkja starf frjálsra félaga, íþróttafélaga sem annarra. Öllum öðrum sem nú þegar taka þátt, er þakkað af heilum hug fyrir að vera með.

Helgi Sigurður Haraldsson, formaður Ungmennafélags Selfoss



Nýjar fréttir á hverjum degi!



M Á T T U G A R
M E Y J A R

BÓKMENNTAHÁTÍÐ KONUBÓKASTOFU
15.-23. APRÍL Á EYRARBAKKA

Rappnámskeið og handavinnustund
Ritsmiðja fyrir börn og fjölskyldujóga
Konukvöld - Leyndardómar yndisþokkans
Hannah Kent og afmælishátíð

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
WWW.KONUBOKASTOFA.IS/FRETTIR/

Ársfundur
2023

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand
Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimtudaginn
4. maí 2023 og hefst kl. 18:00.

Dagskrá fundar:

- 1. Venjuleg aðalfundarstörf
- 2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- 3. Önnur mál

Í stjórn sjóðsins eru:

Anna Ágústa Halldórsdóttir, formaður
Sigurður Ólafsson, varaformaður
Kristín Magnúsdóttir
Eyrún Jana Sigurðardóttir
Örvar Ólafsson
Þór Hreinsson

Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson



	2022	2021
Breytingar á hreinni eign:		
Iðgjöld	14.195	11.890
Lífeyrir	-6.050	-5.293
Hreinar fjárfestingatekjur	-3.242	34.695
Rekstrarkostnaður	-423	-359
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	4.480	40.934
Hrein eign frá fyrra ári	247.507	206.573
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	251.987	247.507
Efnahagsreikningur:		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	135.892	145.275
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	110.479	95.311
Fjárfestingar	246.371	240.586
Kröfur	2.141	1.625
Innlán og aðrar eignir	3.596	5.404
Viðskiptaskuldir	121	108
Annað	5.616	6.921
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	251.987	247.507
Ýmsar kennitölur		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	-1,4%	16,4%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	-9,8%	11,0%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	4,3%	7,6%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára	4,8%	6,5%
Tryggingafræðileg staða	-4,6%	-2,6%

* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á festa@festa.is í síðasta lagi kl. 12:00 á aðalfundardegi og fá þá uppgefna slóð til að tengjast.

Ávöxtun séreignardeildar 2022

Hrein eign séreignardeildar nam 1.178 milljónum króna í árslok 2022, þ.a. námu eignir sparnaðarleiðar II 1.077 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam -5,14% eða -13,24% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleið II skilaði -12,14% í hreina nafnávöxtun eða -19,65% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiðar II undanfarin tíu ár er 2,76%.

Sími: 420 2100 - netfang: festa@festa.is

Vortónleikar Karla-kórs Selfoss 2023

Sumardagurinn fyrsti markar Stíamót í hugum flestra Íslendinga. Þá er erfiður vetur að baki og framundan er vorið og sumarið. - Karla-kór Selfoss hefur undanfarin 58 ár fagnað vorinu með tónleikum sem nú verða haldnir í Selfosskirkju að kvöldi fyrsta sumardags, þann 20. apríl kl. 20:00.

Kórfélagar hafa samviskusamlega æft í vetur vandaða söngdagskrá sem inniheldur fjölmörg ný verk, sem ekki hafa verið flutt af karla-kórum fyrr, og efnisskráin er hæfilega blönduð af hefðbundnum karla-kórs-lögum. Við nýju verkin njótum við þess að stjórnandi kórsins, Skarphéðinn Þór Hjartarson, Skarphéðinn Þór Hjartarson, er hlíngur útsetjari og er um helmingur laganna útsettur fyrir

kórinn af honum. Skarphéðinn hefur starfað með Karla-kór Selfoss í 8 ár. Píánóleikari kórsins, Jón Bjarnason, hefur starfað með Karla-kór Selfoss í 12 ár.

Í upphafi starfsárs bættist karla-kórnum góður liðsaugi, því fjölmargir söngglaðir menn gengu í kórinn og hafa staðið sig vel á æfingum í vetur. Trúlega hefur Karla-kór Selfoss ekki verið fjölmennari en nú. Má nefna að við myndatöku í vor mættu 52 félagar en 20 piltar voru fjarverandi.

Ef gluggað er í söngskrá tónleikanna er þar t.d. að finna nokkur lög (5) þeirra bræðra Jónasar og Jóns Múla Árnasona og nefna má lagið Biskups-tungur eftir Bjarna Sigurðsson frá Geysi við texta Helga Seljan.

Einnig má nefna lagið Hvert örstutt spor við texta Halldórs Laxness og Afmælisdiktur Þórbergs Þórðarsonar, en of langt mál yrði að gera söngskránni allri skil (22) í þessari stuttu grein.

Sem fyrr segir verða fyrstu tónleikarnir haldnir í Selfosskirkju á sumardaginn fyrsta og síðan verða tónleikar nr. 2 haldnir í Selfosskirkju þriðjudaginn 25. apríl kl. 20:00. Þá verða tónleikar í Reykjavík haldnir í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 27. apríl kl. 20:00 og lokatónleikar starfsársins verða laugardaginn 29. apríl í Skálholtsdómkirkju kl. 17:00. - Aðgöngumiðaverð er kr. 4000.

VB.



Karla-kór Selfoss 2023



Ljós.: Laufey Ósk Magnúsdóttir - Stúdíó Stund, í karla-kórshéimilinu vorið 2023.

Fremsta röð frá vinstri: Sigurdór Karlsson, Ari Ögmundsson, Hallvarður S. Óskarsson, Guðmundur Karl Sigurdórsson, Ásgeir Magnússon, Skarphéðinn Þór Hjartarson stjórnandi, Jón Bjarnason píánóleikari, Páll Valdemar Ólafsson, Jón Hlöðver Hrafnsson, Sigmundur Sigurgeirsson og Jósef Geir Gunnarsson. Önnur röð frá vinstri: Markús Ivarsson, Sæmundur Sæmundsson, Gísli Á. Jónsson, Björgvin R. Snorrason, Jón Dagbjartsson, Gunnar Þórðarson, Sæmundur B. Ingilbjartsson, Steindór Gestsson, og Helgi Jónsson. Þriðja röð frá vinstri: Sigurdór Már Stefánsson, Jónas Lillendahl, Jón G. Bergsson, Hermann Ingilbjartsson, Kjetan Björnsson, Guðmundur B. Sigurðsson, Pálmi Stefánsson, Björn Ingi Gíslason, Óskar Ingi Gíslason, Guðmundur Ásmundsson. Fjórða röð frá vinstri: Sigurdór Gunnarsson, Gísli Gunnar Guðmundsson, Einar Hermundsson, Eyvindur Þórarinnsson, Unnsteinn Reynisson, Ómar Baldursson, Kári Reynisson, Jóhann P. Jóhannsson, Kjetan Ingvason og Unnar Steinn Guðmundsson. Efsta röð frá vinstri: Sveinbjörn Jóhannsson, Helgi Friðrik Halldórsson, Hallgrímur H. Óskarsson, Óskar Valberg Árnússon, Eiríkur Jóhannesson, Óskar Þorsteinsson, Kristinn Vilmondarson, Valdemar Bragason, Jóhannes Hr. Símonarson, Róbert Aron Pálmason, Kári Jónsson og Hermann Ólafsson.

Hörpukórinn – Opin æfing og kökubasar

Hörpukórinn, kór aldraðra á Selfossi, hefur starfað vel í vetur eftir tveggja ára slitrótt starf. Stjórnandi Hörpukórsins er Stefán Þorleifsson.

Kóramót fimm kóra eldri borgara á Suðvesturlandi verður haldið á Selfossi 13. maí í umsjón Hörpukórsins og hefur undirbúningur gengið vel. Kórarnir sem mæta eru: Hljómur á Akranesi, Eldey af Suðurnesjum, Vorboðar frá Mosfellsbæ og Gaflarakórinn í Hafnarfirði auk Hörpukórsins. Sameiginlegir tónleikar verða í FSU þann 13.

maí kl. 16:00. Tónleikarnir eru öllum opnir og frítt inn.

Hörpukórinn verður með opna æfingu, kökubasar og

broddsölu í Mörk síðasta vetrardag, 19. apríl kl. 16:00.

Stjórn Hörpukórsins



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísna-gátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Bara stökk og brokk hann kann, býsna talinn greindur sá. Viðbúinn er verki hann, vinni oft er kennt við þá.

Svar við gátu í blaði 2695: **ENDA**
1. Hringur/baugur hefur engan **enda** - 3. Fann Hliðarend
4. Presturinn þarf að **enda**/klára ræðuna

Sunnlenski matgæðingurinn

Ég vil þakka landpóstinum og góðvini mínum Róbert Daða Heimissyni fyrir áskorunina og við hendum í eina lauffléttu nautasteik þar sem grill sumarið er á næsta leiti.

Nautaribeye með smjörsteiktum aspas og bernaie.
3-4 nautaribeye steikur (fer eftir stærð og þykkt)
Smjör til steikingar
Salt, pipar og gott steikarkrydd

Hitið ofninn 160°C.
Bræðið smjör á pönnu og steikið hvora hlið á háum hita í um 1-2 mínútur (fer eftir þykkt) og kryddið báðar hliðar. Færið steikurnar yfir í eldfast mót, hellið smjörinu af pönnunni yfir og eldið í ofni þar til kjarnhiti nær 48°C.
Takið steikurnar út og látið hvíla í 10mín eða þar til kjarnhiti nær um 57-58°C (fyrir medium-rare steik).

Bernaie sósa
8 eggjarauður
500 g smjör
2 msk. Bernaie essens
1-2 msk. fljótandi nautakraftur
Pipar og salt eftir smekk
3-4 msk. Estragon krydd

Bræðið smjórið í potti og leyfið því að kólna þar til það er ylvolt (ef það er of heitt eru meiri líkur á að sósan skilji sig).
Þeytið á meðan eggjarauðurnar þar til þær þykkjast og lýsast.
Bætið þá smjörinu saman við í



Hafþór Sævarsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

mjórrí bunu og hrærið á meðan á lágum hraða.
Bætið restinni af hráefnunum saman við og þeytið stutta stund og berið strax fram.

Smjörsteiktur aspas
Gott búnt af ferskum aspas
3 hvítlauksrif (söxuð smátt niður)
Væna smjörklípu
Salt og pipar eftir smekk
Brjótið trenaða endan af Bræðið smjórið á pönnu við meðalháan hita og setjið hvítlaukinn út á.
Þegar hvítlaukurinn fer aðeins að brúnast má bæta aspasnum við og velta honum reglulega upp úr smjóri/hvítlauk þar til hann fer að mýkjast (um 5-8 mínútur).
Kryddið með salti og pipar eftir smekk.

Svo skolum við þessu niður með góðri flöskur af Muga rauðvíni.

Njótið vel.

Ég vil skora á stórvinnu minn og veiðibróðir Jón Steindór Sveinsson, ég veit og hef séð hann að störfum í eldhúinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Krakka Fjör

SKEMMTILEGAR
UPPÁKOMUR FYRIR
BÖRN Á ALDRINUM
6-13 ÁRA
HNÚTAGERÐ, MÁLNING,
GÍTARKENNSLA

23 apríl '23
kl 14.00-16.00
Austurvegur 40 b

Hvítasunnukirkjan Selfossi
www.selfossgospel.is
Nánari upplýsingar 777 5699

Valgerður tryggði Íslandi þátttökurétt á Evrópuleikunum

Valgerður E. Hjalttested landaði 4. sæti í undankeppni Evrópuleikanna í bogfimi utandyra og tryggði með því Íslandi þátttökurétt á leikunum sem fram fara í Kraków-Malpolska í Póllandi í sumar en Valgerður er ein af mjög fáum Íslendingum sem hefur náð því afreki að vinna þátttökurétt á Evrópuleikana fyrir Íslands hönd.

Undankeppnin var haldin í Lilleshall í Englandi, samhliða Evrópubikarmótinu, þann 7. apríl sl. Var keppnin haldin fyrir þær þjóðir sem áttu eftir að tryggja sér þátttökurétt á Evrópuleikunum. Keppnin var útsláttarkeppni og tókst Valgerði að slá út keppendur frá Ísrael, Svíþjóð og Portúgal. Tveir Svisslendingar urðu hinsvegar ofjarlar Valgerðar og úr varð að

hún endaði í 4. sæti eftir að hafa keppt um bronsið.

Það mun skýrast á næstu dögum hvort Valgerður verður fulltrúi Íslands en þar sem hún hefur ekki formlega náð lágmarksviðmiðum utandyra fyrir

mótið er það í höndum ÍSÍ að ákveða hvort hún geti notað þátttökuréttinn eða hvort hann renni til Marín Anítu Hilmarisdóttur, sem hefur náð lágmarksviðmiðunum.



Valgerður að skjóta á köldum fyrsta degi mótsins. Ljósmynd: Bogfimisamband Íslands.

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfusi



Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 30. mars, eftirtalдар skipulagstillögur til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010

Deiliskipulagstillaga vegna fjögurra sumarhúsalóða í landi Kirkjuferjuhá-leigu

Tillagan markar fjórar 0,5 ha frístundalóðir í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2020-2036 og setur skilmála fyrir uppbyggingu á þeim.

Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar Gljúfurárholt land 8

Breytingin er í samræmi við uppbyggingarheimildir á landbúnaðarlandi í nýju aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Byggingarheimildir á lóðunum aukast og útlínur einnar lóðar er breytt lítillaga og heimilt að gera íbúðarhús í stað frístundahúss á henni.

Deiliskipulag lóðarinnar Suða í Selvogi

Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi hús á lóðinni verði gestahús og heimilt verði að byggja nýtt sumarhús á lóðinni allt að 150 m². Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,03. Tillagan hefur verið auglýst áður.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 12. apríl til 24. maí 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is eða með bréfpósti á Skipulagsfulltrúi, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn fyrir lok vinnudags þann 24. maí 2023.

Bæjarstjórn samþykkti þann 30. mars, eftirtalдар skipulagslýsingar til auglýsingar

í samræmi við 40. og 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010:

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar fyrir byggð vestan Þorlákshafnar, norðan Selvogsbrautar

Fyrirhugað er að deiliskipuleggja reiti sem heita ÍB10 og ÍB11 í aðalskipulagi og skilgreina byggingarreiti og setja skilmála fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar á svæðinu. Í lýsingunni kemur fram hvaða áherslur verða við deiliskipulagsgerðina og fram koma upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing á breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagsgerðar vegna efnistökusvæðis við Litla-Sandfell

Gert er ráð fyrir að stækka námavinnslu svæðið í Litla-Sandfelli úr 24,2 í um 40 hektara. Í lýsingunni kemur fram hvaða áherslur verða við deiliskipulagsgerðina og fram koma upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum

Lýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 12. apríl til 3. maí 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is eða með bréfpósti á Skipulagsfulltrúi, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn fyrir lok vinnudags þann 3. maí 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

45. Flóahlaupið 2023

Flóahlaupið verður haldið sunnudaginn 16. apríl við Félagslund. Ræst verður kl. 13.00. Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram á hlaup.is en félagsmenn í UMF. Þjótanda sem greitt hafa árgjald þurfa ekki borga þáttökugjöld og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum- mæta tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslund eftir hlaupið. Einnig geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. Posi á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.





Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Sumarstarf í Brekkuskógi

Orlofssjóður BHM leitar að drífandi einstaklingi til að hafa umsjón með orlofs-húsabyggð sjóðsins í Brekkuskógi.

Um sumarstarf er að ræða sem hentar 18 ára og eldri. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni umsjónarmanns eru:

- Almennt viðhald, umsjón og eftirlit með orlofshúsunum, umhverfi þeirra og öðrum mannvirkjum á svæðinu.
- Þjónusta og samskipti við orlofsgesti.
- Samskipti við skrifstofu sjóðsins og verktaka.

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund, jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.

Laun greiðast samkvæmt samningi SA og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2023. Fyrirspurnir skal senda á starf@bhm.is.



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opið fimmtud. kl 13 - 14:30

OPIÐ HÚS

fimmtud. 13. apríl kl 13:45
Óli Bach og Helgi Hermanns
skemmta
kaffi og kökur

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BORGTHOR EHF

Jarðvinnuverktaki

Flúðum
Sími 899-0816
borgthorh@icloud.com

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum o.fl. Nánari
uppl. í síma 777 2265.

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbótum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur**
en með honum má sjá
ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- **Er einnig með Nudd og**
svæðanudd -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

Uppbyggingasjóður Suðurlands styrkir 62 verkefni

Úthlutun úr Uppbygginga-
sjóði Suðurlands var kynnt
þann 5. apríl sl. en af 120 um-
sóknnum voru 62 verkefni sem
fengu styrk úr sjóðnum í fyrri út-
hlutun sjóðsins árið 2023.

Að þessu sinni var 37,7
milljónum króna úthlutað, 17,3
milljónir fóru í flokk atvinnu
og nýsköpunar og 20,4 millj-
ónir í flokk menningar, til sam-
tals 62 verkefna. Samþykkt var
að veita 13 verkefnum styrk í
flokki atvinnu og nýsköpunar og
49 verkefna í flokki menningar-
verkefna.

Hæsta styrkinn í flokki menn-
ingarverkefna hlaut að þessu
sinni Benedikt Kristjánsson
fyrir verkefnið Sumartónleikar
í Skálholtskirkju að upphæð 1.
m.kr. Sumartónleikarnir í Skál-
holti varpar ljósi á lítt þekktar bar-
roksnillinga 17. aldar, og sýnir
framtíð íslenskrar tónsköpunar.
Barna og fjölskyldutónleikar
með frumlegu sniði og yndislegt
umhverfi Skálholts bíður alla
velkomna að kostnaðarlausu.

Í flokki atvinnu og nýsköpun-
ar hlaut Fjölskyldubúið ehf. fyrir
verkefnið Hreppamjólk aukinn
styrk að upphæð 2 m.kr., mark-
mið verkefnisins er að kanna

fýsileika þess að þróa Hreppa-
mjólk með aukinn, skilgreindan
styrk á melatóníni pg/mL. Ef
niðurstöður gefa tilefni til yrði
næsta skref að þróa Hreppamjólk
með aukinn melatónínstyrk og
markaðsetja sem heilsueflandi
vöru. Í þessu hálfárs verkefni
á að setja upp mæliaðferð hjá
Mátis til að mæla styrk melatón-
íns í kúamjólki í einingunni pg/
mL. Það á að kanna einstaklings-
breytileika á milli kúa varðandi
framleiðslu á melatóníni við
ákveðin birtuskilyrði.

Þá hlaut Sighvatur Lárusson
fyrir verkefnið Recoma Pack-
wall Byggingplötur styrk að
upphæð 2. m.kr., RECOMA
gefur sorpi nýtt líf og umbreytir
því í endingargóðar byggingar-
plötur sem eru án aukaefna og
geta komið í staðin fyrir hefð-
bundnar byggingaplötur.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Laus kennslustörf við Flóaskóla skólaárið 2023 - 2024

- Umsjónarkennarar á mið- og unglingastigi
- Textíl
- Tónmennt
- Enska
- Danska
- Náttúrufræði
- Upplýsinga- og tæknimennt
- Sérkennsla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari, uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf til kennslu, kennslureynsla æskileg
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góð íslenskukunnátta og færni í upplýsinga- og tæknimennt
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar“ er æskileg
- Áhugi á þróunarstarfi

Flóaskóli er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 105 nemendur í 1. – 10. bekk og rúmlega 30 starfsmenn. Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi. Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, tæmiskennslu og öfluga stoðþjónustu. Mikil áhersla er lögð á list- og verkgreinar. Við erum heilsueflandi grunnskóli og vinnum samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er skólinn Unesco skóli og þátttakandi í Grænfánaverkefninu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771-8342 og Sigrún Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri í síma 659-8942.

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2023, ráðið verður í stöfin frá 1. ágúst 2023. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Fundur

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
15. apríl, milli kl. 11:00
og 12:00 á Eyravegi 15,
Selfossi. Ellý
Tómasdóttir fulltrúi í
bæjarstjórn Árborgar
mætir í spjall. Allir vel-
komnir.

Páskaspurning Dagskrárinnar:

Hvað gerðir þú um páskana?

Eiríkur Sigmarsson:

Ég tók þátt í árlegu páskapílu-móti Klængssels. Þar hafnaði ég í öðru sæti eftir að hafa tapað úrslitaleiknum á móti Sindra Ágústssyni. Nú taka við stífar æfingar og set ég stefnuna á gullið á næsta ári.

Björgvin Rúnar Valentínsson:

Ég eyddi páskunum á Tenerife með fjölskyldunni. Ferð sem átti að fara 2020 í tilefni 60 ára afmælis föður míns, en var frestað vegna heimsfaraldurs. Í staðinn breyttist þetta í 60 ára afmælis-ferð móður minnar.

Tryggvi Freyr Torfason:

Ég eldaði góðan mat, faldi og fann páskaegg með fjöllumni. Páska/vinnustaðadjammaði með Tinnubk og fagnaði 65 ára afmælinu hennar Mömmu!



Júlíana Kristbjörg Þórhallsdóttir:

Ég, ásamt fríðu föruneyti vina og barnahópi eyddum páskunum í Miðhúsaskógi í sumar-bústað. Páskafríð byrjaði þó hér á Selfossi í Miðbænum okkar þar sem allir gátu valið sér gott að borða á flottu veitingastöðunum sem þar eru. Við heimsóttum Fontana sem ég mæli með fyrir alla, yndislegt að kæla sig niður í sjálfu Laugarvatni, henda sér svo í sánubað og skella svo í sig einum skítöldum í pottinum. Dýragarðurinn Slakki er líka skyldustopp um páskana þar sem börn og fullorðnir nutu sín hvort sem það var í mini golfi eða að klappa kaninum. Við útbjuggum útibingó fyrir börnin, páskaratleik og opnuðum svo páskabíó með heimatilbúnum platpeningum sem hægt var að eyða í „sjoppunni“ í hléi. Páskalambið var á boðstólum á laugardag og sló rækilega í gegn, eins og alltaf. Heiti potturinn var vinsæll hjá bæði börnum og fullorðnum og ekki var verra að ná smávegis D-vítamíni úr sólinni í leiðinni. Til að hvíla eldabuskuna skelltum við okkur í Friðheima í hádegismat á Páskadag. Þar fengum við dásamlega súpu og svo yndislega gott brauð með. Sannarlega þess virði að heimsækja.

Fjola St. Kristinsdóttir:

Þessir páskar voru frekar óvana-legir en við hjónin skelltum okkur ásamt tveimur dætrum okkar í stutta borgarferð þar sem við sáum stórliðið Barcelona taka á móti Real Madrid á Camp Nou. Það var stórkostleg upplifun sem verður seint toppuð. Við náðum engu að síður að eiga yndislegan páskadag með stórfjölskyldunni; foreldrum mínum, börnum, tengdadóttur og barnabarni þar sem við borðuðum hefðbundið páskalæri með öllu tilheyrandi. Annar í páskum var svo notaður til setja upp trampólínið, gera klárt fyrir komandi vinnuviku auk þess að taka tvo vinnufundi um miðjan dag. Ég er mjög vanaföst þegar kemur að páskunum, klippi alltaf birkigrein sem ég set í vatn og skreyti með heimagerðu páska-föndri frá börnunum sem gerir lífið svo litríkt og skemmtilegt. Fyrir mér eru páskarnir merki um að vorið sé á næsta leiti.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVERUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Kyrrðardagur
í Strandarkirkju

Sumardaginn fyrsta
20. apríl
kl. 10-14

Samfélag í kyrrð, bænastundir og útivera

Gott að taka með sér hlýja sokka eða inniskó og nesti

Aðgangur ókeypis

Skráning og nánari upplýsingar:
sigridur.munda.jonsdottir@kirkjan.is

Karlaðór Hreppamanna Vortónleikar 2023

Á efnisskrá karlaðórsperlur og Laddalög

Stjórnandi: Atli Guðlaugsson

Píanóleikari: Sigurður Helgi Oddsson

Fiðlu- banjó- og gítarleikari: Matthías Stefánsson

Einsöngur: Bjarni Atlason

Hveragerðiskirkju 15. apríl kl. 16:00

Víðistaðakirkju Hafnarfirði 21. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum 22. apríl kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 4.000,-

Verið hjartanlega velkomin

Vínland, Melta og Frostþurrkun á fjárfestahátíð á Siglufirði

Þann 29. mars sl stóð samstarfshópurinn Norðanátt / hreyfiafl nýsköpunar á Norðurlandi fyrir fjárfestahátíð á Siglufirði í annað sinn, í þeim tilgangi að leiða saman frumkvöðla og fjárfesta með von um samstarf og samvinnu þeirra á milli.

Í fyrra fengu norðlensk frumkvöðlaverkefni tækifæri til þess að kynna sig fyrir fjárfestum, en að þessu sinni var ákveðið að bjóða jafnframt frumkvöðlum úr öðrum landshlutum að senda inn umsóknir til þátttöku. Svo fór að þrjú sunnlensk verkefni voru valin, þ.e. Vínland vín-ekran, Melta og Frostþurrkun ehf. Til þess að styðja við bakið á þeim ákváðu fulltrúar Háskólafélagsins og Orkídeu að fara norður og hvetja sitt fólk til dádá.

Eins og við var að búast stóðst hátíðin allar væntingar sem hin glæsilegasta, og umgjörðin eins og best verður á kosið. 14 verk-

efni fengu tækifæri til þess að kynna hugmyndir sínar og áttu í framhaldi spjall við fjárfesta og aðra áhugasama. Það var samdóma álit að svona vettvangur sé gríðarlega mikilvægur fyrir verkefni í leit að fjárfestingum þar sem þarna gefst gott tæki-

færi til þess að mynda tengingar og eiga fyrsta skrefið í átt að framtíðar samvinnu.

Vinna Norðanáttar fyrir frumkvöðla er eftirtektarverð á landsvísi og drifjöður fyrir aðra landshluta til þess að vinna í sömu átt.



Þakkað fyrir

Á aðalfundi Frjálsíþróttadeildar Umf.Selfoss, fyrir skemmstu, þakkaði stjórni og starfsfólk frjálsíþróttadeilarinnar, vallarstarfsmönnum Selfossvallar, fyrir frábært samstarf. Var þeim Sveinbirni Mássyni vallarstjóra, Einari Erni Einarsyni og Þórdísi Rakel Hansen, þakkað fyrir frábært samstarf á Selfossvelli og færður smá þakklætisvottur fyrir. Kom fram í máli formanns deildarinnar, Hjalta Jóni Kjartanssyni, að þau væru alltaf boðin og búin til aðstoðar og stæðu sig með ein-

dæmum vel við að hafa vallasvæðið alltaf eins og best væri á kosið og því væri ekkert skýtið að talað væru um Selfossvallarsvæðið sem eitt af þeim bestu, ef ekki það besta á landinu. Einnig var þeim sérstaklega þakkað fyrir frábært starf við undirbúning og framkvæmd, mótsins, Selfoss Classic sl. sumar sem tókst frábærlega og var valið frjálsíþróttaviðburður ársins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands.

UMF. Selfoss



Starfsmenn Selfossvallar, f.v Þórdís, Einar og Sveinbjörn. Ljósmynd: UMF.S

BRAC AF VINÁTTU!

Josefa

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotpróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar
Guðmundsson

Vilmundur
Sigurðsson

Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLALEIGA
SUÐURLANDS
699-5403
velaleigasud@gmail.com

Við leigjum út vélar
ásamt því tökum við að
okkur alla jarðvinnu.

Við erum á Facebook:
Vélaleiga Suðurlands

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Bilasprautun - Bilaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is